

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - Kópasker urðun við Kópasker



Dags eftirlits	11.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - Kópasker	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elvar Árni Lund	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Kristinn Jóhann Ásgrímsson	Staðsetning	615746,542 649342,948

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sjö frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit og einnig frávik frá lögum um stjórn vatnamála. Ein ábending er lögð fram

Opin eru eldri frávik þar sem samþykkt úrbótaáætlun liggur fyrir.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings við Kópasker í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfi urðunarstaðar heimilar móttöku á 600 tonnum af úrgangi á ári og er uppruni úrgangsins skilyrtur við Kópasker, Raufarhöfn og dreifbýli frá nágrenni staðarins. Heimilt er að urða 500 tonn af almennum úrgangi á ári en frekari umfjöllun með takmörkunum er í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að geyma um 50 tonn af brotamáli á hverjum tíma. Starfsleyfið var gefið út þann 16. desember 2015 og er gildistími þess til 16. desember 2031.

Boðað umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Önnur mál
- Skoðunarferð á urðunarstað

1. Opin eru þrjú eldri frávik frá eftirliti ársins 2024 og eitt eldra frávik sem varðar urðun umfram heimildir, ófullnægjandi skil á skráningum og að ekki var virtur skilafrestur við skil ársyfirlits með skráningum vegna undangengins almanaksárs. Rekstraraðili vinnur eftir samþykkt úrbótaáætlun vegna frávikanna, en ekki verður hægt að taka út frávikin fyrr en skilað er ársyfirliti með viðunnandi skráningum sbr. starfsleyfi sem miðast þá við 1. maí 2026.

2. Farið var yfir kröfur starfsleyfis.

3. Ársyfirliti var ekki skilað fyrir árið 2024. Rekstraraðili hefur skilað inn skráningum á úrgangstöllum í gagnagátt Umhverfis- og orkustofnunar en í þeim skráningum er ekki gerð aðgreining á um hvorn urðunarstað ræðir sem tilheyrir Norðurþingi. Rekstraraðila ber að skila skráningum á mótteknum úrgangi í samræmi við skráningar vegna innra eftirlits út frá starfsleyfi í ársyfirliti og skila árlega. Út frá fyrirliggjandi skráningum úr gagnagátt er áætlað að urðað hafi verið um 617 tonn á urðunarstaðnum við Kópasker og eru það 117 tonn umfram heimild starfsleyfis.

4. Rekstraraðili hefur áður lagt fram viðbragðsáætlun byggða á áhættumati sem gefin var út árið 2014. Mælt er með að ryna allar áætlanir reglulega, m.a. viðbragðsáætlun og athuga hvort tilefni sé til þess að endurskoða eða uppfæra þær. Eftir eftirlitið lagði rekstraraðili fram afrit af ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar.

5. Niðurstaða áhættumats 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits á næsta ári skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit helst óbreytt frá síðasta ári.

6. Fjallað var um breytt fyrirkomulag eftirlits hjá Umhverfis- og orkustofnun og voru einnig kynntar nýjar leiðbeiningar um olfuskiljur, en erindi um hvoru tveggja fylgdi fundarboði eftirlits. Fjallað var um breytingar á

fyrirkomulagi skila á Umhverfissupplýsingum, en fyrr á árinu var sent erindi þess efnis á alla starfsleyfishafa hjá Umhverfis- og orkustofnun. Varðar breytingin rg. nr. 990/2008 um útstreymisbókhald, sbr. breytingareglugerð nr. 206/2025. Reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald er á sama tíma felld úr gildi. Rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I og viðauka II í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu skila árlega umhverfissupplýsingum rafrænt til Umhverfis- og orkustofnunar. Gott er að kynna sér þær breytingar vel og varðar breytingin skil er eiga við á næsta almanaksári.

7. Önnur mál voru tekin til umræðu, m.a. staða úrgangsmála í sveitarfélaginu og aðlögun að breyttum skilyrðum sorphirðu.

8. Farið var í vettvangskoðun inn á urðunarstað, og komu þar fram tvö frávik frá kröfum starfsleyfis og er gerð grein fyrir þeim í yfirliti frávika.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.2 í starfsleyfi:	Urðunarstaður Norðurþings við Kópasker hefur heimildir til urðunar á 500 tonnum af úrgangi á ári. Samkvæmt upplýsingum úr gagnagátt Umhverfis- og orkustofnunar voru urðuð 617 tonn á urðunarstaðnum í Kópaskeri árið 2024 eða um 117 tonn umfram heimildir starfsleyfis.
gr. 1.2 í starfsleyfi:	Heimilt er að geyma um 50 tonn af brotamálmi á hverjum tíma á urðunarstaðnum. Á urðunarstað var úrgangur sem gera má ráð fyrir að þegar eftirlit fór fram, fari umfram þær móttökuheimildir sem koma fram í starfsleyfi. Fjarlægja verður allan úrgang af urðunarstaðnum sem er umfram það sem tilgreint er í starfsleyfi, úrgangurinn þarf að rúmast innan móttökuheimilda eða þarf að sækja um breytingu á móttökuskilyrðum starfsleyfis.
gr. 2.1 í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal sjá til þess að aðgangur að athafnasvæðinu sé takmarkaður og að svæðið sé afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna. Umhverfis urðunarstaðinn eru girðingar í slæmu ásigkomulagi, þá sérstaklega austan megin við urðunarstaðinn.
gr. 4.1 í starfsleyfi:	Við eftirlit var ekki sýnt fram á fullnægjandi skráningar á mótteknum úrgangi. Rekstraraðili skal halda saman skrá yfir magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti. Skrá skal upplýsingar um uppruna úrgangsins, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef um er að ræða heimilisúrgang og ráðstöfun úrgangs. Slíkar skráningar þurfa að vera aðgengilegar þegar eftirlit fer fram.
gr. 5.1 í starfsleyfi:	Skráningum var ekki skilað varðandi tölul. 1, 2, 3, 4 og 5 vegna rekstrarársins 2024. Varða þær skráningar yfirlit yfir móttækinn úrgang, stöðu urðunarstaðar, sigmælingar og núllskráningar á því sem ekki á við um eftirfarandi rekstrarár (tölul. 2 og 5).
gr. 5.2 í starfsleyfi:	Rennslismælingar úr Snartarstaðalæk koma ekki fram í skilum á vöktun úr innra eftirliti rekstraraðila.
gr. 5.4 í starfsleyfi:	Niðurstöðum skráninga sbr. gr. 5.1. í starfsleyfi ber að skila árlega, fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöður á skráningum vegna ársins 2024 var ekki skilað.

Frávik frá III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 8. gr. rg. nr. 535/2011 um um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun

Vökun bendir til þess að umhverfismarkmið vatnshlots umhverfis urðunarstaðinn við Kópasker náist ekki. Í brunni Kóp-G mælist olía = 46 mg/L (árið 2023 = 5 mg/L) en sá brunnur er viðmiðunarbrunnur og er staðsettur ofan vatnsstreymis að urðunarstað. Í Kóp-D mælist olía 16 mg/L (árið 2023 = <2 mg/L) og í Kóp-F mælist hún 27 mg/L (árið 2023 = 9 mg/L). Í yfirborðsvatni úr Snartastaðalæk mælist olía um 37 mg/L.

ÁBENDINGAR

Niðurstaða vegna vöktunar var skilað eftir eftirlit. Olía/fita mælist í niðurstöðum úr sýnatökum ársins 2024 í öllum grunnvatnsbrunnum sem og í yfirborðsvatni við urðunarstaðinn á Kópaskeri og á það einnig við um niðurstöður úr mælingum vegna urðunarstaðar Norðurþings í Laugardal, sem skilað var inn samhliða. Á Kópaskeri mældust hærrí gildi af olíu í brunni fyrir ofan urðunarstað, en fyrir neðan hann og gætu bent til ómarkverðra niðurstaðna eða óþekkts uppruna. Rekstraraðili verður að gera nánari athugun á þessu og rannsaka betur. Í niðurstöðum vöktunar ársins 2023 er einnig að greinast olía/fita, en hlutfallslega er um að ræða mun lægri gildi miðað við mælingar 2024, og þar á mælingin m.a. við brunn ofan urðunarstaðar, líkt og í mælingum ársins 2024. Mikilvægt er að gæta að því við framkvæmd á sýnatökum í vatni að fylgt sé stöðluðum aðferðum varðandi framkvæmd sýnataka og greiningaraðferðir, sbr. kafla 1.3.6 í III viðauka í rg. nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun sem og 3. kafla í viðauka III í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Má einnig benda á að sbr. 12. gr. í rg. nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns er fjallað um tæknilegar varúðarráðstafanir gagnvart urðunarstöðum til að koma í veg fyrir losun efna sem tilheyra lista I í viðauka sömu reglugerðar út í grunnvatn en öll bein losun efna í grunnvatn sem eru á þeim lista er óheimil. Á lista I eru m.a. jarðolíur og kolvetni. Rekstraraðila ber að sjá til þess að viðhalda góðu efnafræðilegu ástandi grunnvatns og yfirborðsvatns. Í rg. 738/2003 um urðun úrgangs er einnig fjallað um skyldu rekstraraðila til að bregðast við ef mengun greinist í grunnvatni og ber að fara þá í móttvægisáðgerðir ef niðurstaðan leiðir slíkt í ljós. Ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar útgáfa starfsleyfis fór fram, er stofnuninni heimilt að endurskoða starfsleyfið. Í ljósi þess sem hér að framan greinir varðandi olíu/fitu er talin þörf á að bæta við eftirfarandi mælipáttum í vöktunaráætlun starfsleyfisins til samræmingar við kafla 4.b í III viðauka í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs og bæta við mælipáttum á jarðolíu/vetriskolefni, þ.e. (olíuvísir C10-C40), fenól, heildarmagn lífræns kolefnis, flúoríð og arsen. Þörf er einnig að bæta við mælipáttunum, klóríð, sulfat, fosföt, nitrít ásamt summu af Tríklóretýlen og Tetraklórétýlen til samræmingar við 8. gr. a í rg. nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, álagsgreiningu og vöktun og viðauka III, B-hluta undir gr. 2.3.4 um viðmiðunargildi fyrir mengunarvalda í grunnvatni og mengunarvísa. Rekstraraðila ber að vakta einnig mælipáttinn PAH 16 við framkvæmd næstu vöktunar (mælt 2026).

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir
Halla Margrét Viðarsdóttir